

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

276. fundur

Föstudaginn 10. nóvember 2017 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:15.

Mætt voru:

Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Sverrir Óskarsson, Guðlaug Kristjánsdóttir og Bryndís Haraldsdóttir.

Fjarverandi: Sigrún Edda Jónsdóttir og Gunnar Valur Gíslason

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Árshlutauppgjör 30.09.2017
2. Gjaldskrá
3. Skjalavörslukerfi
4. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör 30.09.2017

Sviðsstjóri fjármála og reksturs lagði fram og kynnti níu mánaða uppgjör félagsins 30.09.2017. Árshlutauppgjörið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó staðfestu uppgjörinu með undirritun sinni á fundinum.

2. Gjaldskrá

Umræður um gjaldskrá Strætó.

3. Skjalavörslukerfi

Bergný Jóna Sævarsdóttir, verkefnastjóri fór yfir stöðu á innleiðingu á nýju skjalvörslukerfi.

4. Önnur mál

- a) Hvað má taka með í vagninn – umræður.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: kl. 12:45

Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur 30.09.2017
- Kynning á árshlutareikningi 30.09.2017, dags. 10.11.2017

Heiða Björg Hilmisdóttir

Sverrir Óskarsson

Guðlaug Kristjánsdóttir

Bryndís Haraldsdóttir